

Þegar fólk ferðast til annarra ríkja er yfirleitt krafist **auðkenningar** (þ.e.a.s. að viðkomandi sanni á sér deili) og **leyfis** (t.d með vegabréfaáritun) áður enn því er hleypt inn í landið. Þessi krafa um aukenningu og leyfi getur verið mjög tafsöm og dýr í framkvæmd fyrir alla aðila.

Í lýðræðisríkum er það hluti af mannréttindum að geta ferðast auk þess sem ferðalög eru nauðsynleg fyrir hvers kyns viðskipti og mikilvægur atvinnuvegur. Því reyna þessi ríki yfirleitt að greiða för sinna landsmanna sem mest má verða. Það er gert með milliríkjasamningum við önnur ríki um gagnkvæma niðurfellingu á kröfum um áritun, en jafnframt með því að tryggja að aukenning ferðalangs sé með ásættanlegum hætti fyrir móttökulandið. **Örugg auðkenning er lykillinn að niðurfellingu áritunarskyldu.**

Íslenska ríkið hefur gegnum margvíslega samninga, alþjóðlega eða tvíhliða, losað íslenska þegna undan áritunarkvöð til flestra þeirra ríkja sem þeir ferðast oftast til. Það hefur tekst m.a. vegna þess að Ísland býður þegnum sínum góða og trausta auðkenningu með vegabréfaútgáfu.

Vegabréfaútgáfan er vottun og staðfesting íslenska ríkisins á því hver viðkomandi handhafi er, en jafnframt eins konar ábyrgðarskírteini og viðurkenning á að íslenska ríkið beri ákveðnar skyldur gagnvart handhafa. Vegabréfið er eign íslenska ríkisins og ríkið getur afturkallað eða ógilt það ef svo ber undir.

Undanfarin ár hafa kröfur um áreiðanleika auðkenningar stóruaukist. Kröfur bæði frá Evrópu-sambandinu og Bandaríkjunum hafa verið á þá leið að beita tölvutækni í auknum mæli við auðkenninguna, en tölvur hafa reynst mun nákvæmari í greiningu á því hvort handhafi er sá sem skilríki er gefið út á eða hvort einhver er að nota skilríki annars. Tölvur eru einnig mun fljótari að þessu.

Gerð er krafa um að vegabréfin sé þannig úr garði gerð að auðkenningin geti farið fram með tölvum, en að öðrum kosti verði aftur að taka upp áritun í ferðalögum, en áritunin yrði framkvæmd með þeim hætti að tölvur geti sannreynt auðkenninguna í þeim.

Til að tryggja Íslendingum áframhaldandi besta aðgang að öðrum ríkjum án áritunar hefur vegabréfaútgáfa á Íslandi því verið breytt þannig að ekki þurfi að leika vafi á um auðkenningu í vegabréfi, né því hvernig auðkenning fór fram við tilurð vegabréfsins. Þess vegna er tekin mynd á umsóknarstaðnum (svipað og á landamærum í framtíðinni) til að sannreyna á vegum stjórnvalda að myndin sé af umsækjanda óháð því hvort viðkomandi mynd verður notuð í vegabréfið eða hvort komið var með mynd (sem borið er saman við). Fyrir utan öruggari auðkenningu er þetta einnig vísbending til umsækjanda um það hvort viðkomandi mynd í vegabréfi geti valdið honum vandræðum á ferðalögum.

Eins og áður sagði er lykillinn að betri auðkenningu sá að tölvur sjá um hana þótt vissulega eigi alltaf starfsmaður síðasta orðið. Til að tölvur geti framkvæmt auðkenninguna þarf að liggja fyrir **stöðluð og sönn** af handhafa í vegabréfinu á rafrænu formi, auk þess sem taka þarf mynd af handhafa á prófunarstað í auðkenningarskyni.

Landamæraskoðun á vegabréfum mun því í framtíðinni yfirleitt fara þannig fram að tekin verður mynd af handhafa í því skyni að bera hana rafrænt saman við og mæla hversu líki hún er myndinni í vegabréfinu. Myndin í vegabréfinu og myndin á prófunarstað eru tvær mælingar af sama einstaklingi sem vissulega getur hafa breyst töluvert í millitíðinni, en þó ekki meira en svo að flókinn hugbúnaður á að geta þekkt viðkomandi aftur eða látið starfsmann vita að þörf sé á aukinni athygli og nánari skoðun.

Við myndatökuna er það andlitið sjálft sem skiptir máli en ekki t.d. hár eða bakgrunnur, nema hvað það má ekki virka truflandi á mælibúnaðinn.

Rétt er að taka fram að eftirfarandi leiðbeiningar fjalla um það hvernig taka á andlitsmyndir þannig að tölvan geti sem best nýtt þær sem mæligögn, en ekki um það hvernig taka á fallegar myndir.



GÆÐI MYNDA

Myndin á að vera yngri en 6 mánaða gömul.

Myndin á að vera minnst 600x800 pixlar að stærð með 300 dpi.

Myndin verður ávallt að vera í hlutföllunum 600x800.

Myndin á að sýna nærmynd af höfði umsækjanda ásamt efri hluta af öxlum.

Andlitið á að þekja um 70-80% af breidd myndarinnar.

Myndin verður að vera með skarpan fókus og í góðum gæðum án bletta eða annarra skemmda.

Á myndinni skal umsækjandi horfa beint í myndavélina.

Myndin verður að vera hæfilega lýst og í góðu jafnvægi.

Báðar hliðar andlitsins verða að vera jafnt lýstar.

Ef myndin er í lit verður myndin að sýna réttan húðlit.

AFHENDING MYNDA

Senda skal allar myndir inn á rafrænu formi.

Senda má myndirnar í tölvupósti eða koma með þær á minniskubbi.

Umsóknastaðir gefa upplýsingar um netföng sem senda skal myndirnar á.

Ef myndin er send rafrænt skal myndin nefnd með kennitölu þess sem myndin er af.

Ekki er tekið við útprentuðum myndum.



LÝSING OG UPPSTILLING

Myndin verður að hafa hlutlausa liti og sýna umsækjandann með augun opin og greinilega sýnileg.

Hár má ekki hylja augun.

Umsækjandi verður að snúa beint í myndavélina.

Ekki má snúa vangasvipnum að myndavélinni.

Höfuði verður að vera upprétt þannig að ef dregin er lárétt lína milli augnanna, þá sé hún samhliða efri jaðri myndarinnar.

Báðar hliðar andlitsins verða að vera sýnilegar.

Bakgrunnurinn verður að vera ljósgrár flötur.

Lýsing myndarinnar verður að vera jöfn þannig að engir skuggar eða glampar falli á andlitið.

Ekki má nota myndir með rauðum augum.



Dökk gler

lampi & glejum



Umgjörð of þykk

Umgjörð hylur augu



Með hatt

Með deihúfu



andlit hulið

skuggar á andlið



Ekkí einn á mynd

Munnur opin og leikfang of nálægt andliði

GLERAUGU OG HÖFUÐFÖT

Myndin verður að sýna skýra mynd af augnum án glampa á gleraugum og án litaðra glerja.

Forðast skal að nota þykkar gleraugna-umgjarðir.

Umgjörðin má ekki hylja nokkurn hluta augnanna.


Ekki má vera með höfuðföt nema til komi sérstakar undantekningar sem Þjóðskrá þarf að samþykkja sérstaklega. Slíkar undantekningar geta verið vegna trúar, heilsufars eða menningar.

Myndin verður að sýna umsækjanda einan án annars fólks, stóla eða leikfanga

SVIPBRIGÐI OG RAMMI

Umsækjandinn verður að horfa beint í myndavélina án svipbrigða.

Myndir í vegabréfum eru lífkenni sem notuð eru til að bera kennsl á handahafa vegabréfsins þegar



hann fer yfir landamæri. Þar eru kennsl borin á handhafann af landamæravörðum sem og af rafrænum auðkenningarkerfum. Auðkenningarkerfin lesa myndina af örflögu vegabréfsins og bera hana saman við mynd sem tekin er af einstaklingnum á landamærunum Til að koma í veg fyrir að handhafi vegabréfsins verði fyrir óþægindum á landamærastöðvum er mikilvægt að þær myndir sem settar eru í vegabréf uppfylli þá staðla sem settir hafa verið um myndir í vegabréfum. Þannig er t.d. mikilvægt að upplausn upprunalegu myndarinnar sem tekin er sé að minnsta kosti 600x800 pixlar svo örugglega sé hægt að búa til staðlaða mynd sem er með 90 pixlum á milli augnanna.

Leiðbeiningarnar eru byggðar á skjali ICAO um Machine Readable Travel Document